

L Ö G

13

28. febr.

um breyting á lögum nr. 45 7. maí 1946, um beitumál.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 13. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi (og breytist greinatalan samkvæmt því):

Ráðherra er heimilt, ef hann telur ástæðu til og að fengnum tillögum beitu-nefndar, að setja reglur um beituskurð á vetrarvertíð, svo sem um hver vera megi hámarksnotkun á beitu í hvern róður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 28. febrúar 1947.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jóhann P. Jósefsson.

L Ö G

14

28. febr.

um breyting á lögum nr. 93 28. desember 1946, um bráðabirgðafjárgreiðslur á árinu 1947.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „1. marz“ í síðari mgr. 1. gr. laganna komi: 1. apríl.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 28. febrúar 1947.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jóhann P. Jósefsson.